

Verksamningur

Gerður á milli Skeiða- og Gnúpverjahrepps, kt. 540602-4410, í samningi þessum nefndur verkkaupi, annars vegar og Hreingerningabjónusta Suðurlands ehf., kt. 670100-3080, í samningi þessum nefndur verktaki, hins vegar.

Um er að ræða daglega ræstingu í húsnæði leikskólans Leikholti í Brautarholti.

1. grein

Verktaki skal sjá um ræstingu á húsnæði leikskólans Leikholti í Brautarholti í samræmi við verklýsingum sem telst hluti af samningi þessum, sjá fylgiskjal A. Í verkinu felst m.a. að sjá um þrif á gólfum, stiga og salernum, þrif og sótthreinsun á snertiflötum, þrif á matsal og kaffistofu starfsmanna, þrif á borðum og stólum, og hirðu sorps, auk þess að ryksuga mottur. Að verki loknu skal verktaki gæta þess að gluggum hafi verið lokað, öll ljós slökkt, hurðar læstar, auk þess að setja öryggiskerfi á.

Verkið skal unnið daglega að loknu leikskólastarfi í Leikholti. Til verksins skal verktaki útvega viðeigandi hreinsiefni og áhöld og er kostnaður við það inni í fjárhæð skv. samningi þessum. Verktaki sér um þrif á moppum og tuskum.

Ekki er gert ráð fyrir ræstingu í leikskólanum Leikholti á meðan á sumarlokunum stendur. Verkkaupi greiðir ekkert til verktaka á þeim tíma.

2. grein

Samningur þessi gildir frá 16. maí 2022 og er ótímacundinn. Uppsagnarfrestur af beggja hálfu er þrír mánuðir.

3. grein

Samningsfjárhæð skv. samningi þessum er greidd mánaðarlega, eftirá, og er:

465.500 kr., án virðisaukaskatts, á mánuði,

ritað

*****fjölgurhundruðsextíuogfimmþúsundogfimmhundruð íslenskar krónur*****

Samningsupphæð skv. samningi þessum skal taka breytingum á eins árs fresti í samræmi við hækjun á launataxta í kjarasamningum starfsmanna í ræstingum á almennum markaði, fyrst þann 16. maí 2023.

4. grein

Verktaki og starfsfólk á hans vegum skuldbindur sig til þess að gæta þagnarskyldu um það sem hann verður áskynja í störfum sínum hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi er varðar hagsmuni einstaklinga og sveitarfélagsins og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan nær einnig yfir hvers konar myndatöku og myndbirtingu. Verktaka er kunnugt um að brot gegn þagnarskyldu varðar refsingu samkvæmt 230 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eða eftir atvikum, ákvæðum annarra laga. Þagnarskylda helst áfram þo starfsmaður verktaka láti af störfum og eftir að skyldum skv. samningi þessum lýkur.

5. grein

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

6. grein

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila.

Árnes, 13. maí 2022

F.H. Verkkaupa
Skeiða- og Gnúpverjahreppus
Gnúpverjahreppus
Skeiða- og Gnúpverjahreppus
F.H. Verkkaupa

J
pr.pr. Hreingerningabjónusta
Suðurlands
F.H. Verktaka

Vottar: Erna Møgensen Kristiansdóttir - 150485-2669

Sóren Møgensen 211181-2149

Fylgiskjal A

Dagleg þrif

Þrífa gólf í eldhúsi og matsal á 1 hæð.

Fataklefi og gangur á 1 hæð, gólf og snertifletaþrif í fataklefa (gluggar, hurðar, bekkir, hurðarhúnar og hlið). Hrista mottur í fataklefa daglega.

Öll salerni (10 stk klósett), þrífa spegla, vaska, salerni og gólf, þurrka af snertiflötum. Fylla á handsápu og handþurrkur og salernispappír.

Ryksuga stigann, pússa gler í stiga og sóthreinsa handrið.

Losa allt rusl á öllum salernum og á öllum deildum.

Þrif á deildum (3 deildir)

Sótthreinsa alla snertifletum á deildum (hurðahúnar, ljósrofar, handrið).

Hreinsa glugga og spegla eftir þörfum - ca 3x í viku.

Skúra gólf á öllum deildum- 3 x í viku (mán, mið, fös). Starfsmenn Leikholt stóla upp.

Skúra rými frammi á 2 hæð (fyrir framan deildir og salerni) - 3x í viku.

Ryksuga gólf og mottur á deildum – 2x í víku (þri, fim). Ekki er stólað upp.

Þrífa borð og stóla á deildu - 2x í viku (þri, fim).

Önnur þrif á húsnæði

Skúra stóra salinn á 1 hæð og taka snertifletaþrif á bekkjum og rimlum - 1x í viku (mið).

Ryksuga mottu í anddyri - 1x í viku.

Þrífa hólf barnanna - 1x í viku (fös).

Skúra þvottahúsið og snertifleti (fös).

Skrifstofu og vinnuherbergi starfsmanna - 1x í viku.

Skúra kaffiaðstöðu starfsmanna - 1x í viku.



Prif á í Leikholti tékklisti

Önnur þrif	Mán	Pri	Mið	Fim	Fös
Fataklefi + gangur niðri skúra alla daga					
Skúra Matsal og eldhús alla daga					
Snertifletaþrif í fataklefa og forstofu (gluggar, bekkir, hurðahúnar, hlið)					
Hrista mottur í fataklefa/gangi alla daga					
Taka mottuna upp í forstofunni og ryksuga 1 x í viku					
Öll salerni alla daga á að skúra, og taka snertifleta þrif, fylla á handþurrkur, sápur og pappír ásamt losa rusl og þrífa klósett (10stk)					
Stiginn ryksuga alla daga ásamt að sótthreinsa handrið og pússa glerið (blettahreinsa ef teppið í stiganum er skítugt)					
Henda öllu rusli (inn á klósettum og deildum)					
Inn á deildum					
Inn á deildum skúra öll gólf 3 í viku – starfsmenn stóla upp fyrir ræstingu					
Inn á deildum ryksuga gólf og hrista mottur og ryksuga þær 2x í viku, ekki stólað upp					
Taka þrif á stólum og borðum inn á deildum 2x í viku					
Sótthreinsa alla snertifleti inn á deildum (hurðarhúnar, ljósrofar, handrið)					
Hreinsa gluggana og spegla inn á deildum eftir þörfum (sést) (lágmark 3x í viku)					
Skúra stóra salinn og taka snertifletaþrif á bekkjunum og rimlum					
Skúra þvottahúsið og þrífa snertifleti á föstudögum					
Þrífa hólfin í fataklefanum á föstudögum					
Áður en farið er úr húsi þarf að:	Mán	Pri	Mið	Fim	Fös
Skilja skúringarfötuna eftir hreina					
Ganga frá ræstivagninum					
Skilja vaskinn í þvottahúsini eftir hreinan					
Gólf moppur í svörtu fötuna					
Tuskur og viskustykki í litla balann (með þvottapokunum)					
Slökkva öll ljós (ekki gleyma inn á salernum og í salnum)					
Setja kerfið á					
Læsa hurðinni (tékka á neyðarútgangi hvort sé einnig læst (aðalhurðin, hurðin í eldhúsini og hurðin út í garð)					



3